


## Í Lundarseli notum við upplýsingakerfið Karellen.

- Kerfið heldur utan um mætingu, veikindi og leyfi. Foreldrar geta tilkynnt barn sitt inn veikt í gegnum kerfið og gert skýringu á veikindunum í texta s.s. flensa, hlaupabóla o.s.frv.
- Skóladagatal skólans er í upplýsingakerfinu en fréttir af skólastarfinu er sent í tölvupósti til foreldra.
- Foreldrar geta sent kennurum deildarinnar skilaboð, (athugið að allir kennarar sem skráðir eru á deildina sjá skilaboðin, ekki einstaka kennari.) Eigi aðeins einn kennari að sjá skilaboð frá foreldri má nýta tölvupóst viðkomandi (sjá netföng inná heimasíðunni okkar.)
- Myndir verða merktar ykkar barni svo aðrir sjá ekki myndina nema um hópmynd sé að ræða og fleiri börn séu merkt á tiltekna mynd. **Athugið að ekki er leyfilegt að deila myndum af öðrum börnum en sínum eigin. Deili foreldrar myndum af öðrum börnum hefur viðkomandi brotið lög um persónuvernd.**

**Til að geta hafist handa þurfa foreldrar að virkja aðgang sinn að Karellen, <https://karellen.is/>**

### Fyrsta skráning:

Foreldrar skrá sig inn á Karellen vefsíðuna með því að velja innskráningu og velja virkja aðgang eða Activate account



Þar setja foreldrar inn netfangið sitt og Activate account eða virkja.

Tölvupóstur ætti að berast innan 10 mínútna með slóð til að fylgja og greinagóðum leiðbeiningum.

Ef tölvupóstur berst ekki vinsamlegast sendið póst á [helgamaria@akmennt.is](mailto:helgamaria@akmennt.is). Sendið nafn barns, nafn foreldris og virkt netfang og Helga María mun reyna að lagfæra.

### Að virkja aðgang að appinu í símann:

Þegar foreldrar eru komnir með aðgang í gengum vefsíðu geta þeir sótt sér appið í símann sinn.

Appið er aðgengilegt í bæði iOS og Android stýrikerfi. Hægt er að nálagast appi í gegnum Apple store og google Play.

Sjá leiðbeiningar hér: <https://karellen.is/leikskolaapp/>

Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur eiginleika kerfisins vel inn á heimasíðu Karellen. Ef eitthvað er óljóst endilega hafið samband við okkur og við leiðbeinum ykkur. <https://karellen.is/eiginleikar/>

Bestu kveðjur frá okkur í Lundarseli-Pálmholti;  
Björg og Helga María skólastjórnendur